

Lög Sjálfstæðiskvinnafélagsins Eddu í Kópavogi

I kafli. Nafn félags og tilgangur.

1. gr.

Félagið heitir Sjálfstæðiskvinnafélagið Edda og er félag sjálfstæðiskvenna sem búa í Kópavogi.

Félagssvæði og lögheimil þess er í Kópavogi.

2. gr.

Markmið félagsins er að:

- Efla konur til þátttöku í stjórnámálum og stjórn málaumræðu innan Sjálfstæðisflokksins. Félagið skal á hverjum tíma berjast fyrir hagsmunámálum kvenna og tryggja að hagsmunum þeirra sé gætt við mótun og framkvæmd stefnu Sjálfstæðisflokksins.
- Að fylgja eftir því ákvæði skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins að jafnrétti kynjanna er eitt af grunngildum Sjálfstæðisflokksins.

II kafli. Aðild

3. gr.

Aðild að félaginu eiga allar flokksbundnar sjálfstæðiskonur sem búa í Kópavogi og eru ekki flokksbundnar í öðrum stjórn mála flokkum.

4. gr.

Hver sem óskar inngöngu í félagið skal skrá sig rafrænt á vef Sjálfstæðisflokksins eða senda inn skriflega umsókn á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á vef flokksins.

5. gr.

Einungis fullgildir meðlimir Sjálfstæðiskvinnafélags Eddu sem greitt hafa félagsgjöld geta valist til trúnaðarstarfa fyrir félagið í stjórnir, ráð, nefndir, í fulltrúaráð flokksins, eiga rétt á setu á landsfundi og að gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. Leita skal staðfestingar hjá stjórn félagsins um skuldleysi viðkomandi við félagið.

6. gr.

Stjórnin getur vikið úr félaginu hverjum þeim, sem að áliti hennar brýtur lög félagsins eða vinnur gegn stefnu þess. Skjóta má ákvörðun stjórnarinnar til félagsfundar. Til samþykktar slíkri brottvikningu þarf a.m.k. 2/3 greiddra atkvæða.

III. kafli. Stjórn félagsins og starfsemi.

7. gr.

Stjórn fer með málefni félagsins. Stjórn er heimilt að kjósa sérstakar undirnefndir í sérstök verkefni.

8. gr.

Stjórn félagsins skipa 7 konur. Formaður skal kosinn sérstaklega og meðstjórnendur sameiginlega. Stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda. Kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara.

9. gr.

Aðalfund félagsins skal halda árlega og ekki síðar en í lok febrúar ár hvert. Til aðalfundar skal boða með minnst 7 daga fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun árgjalds.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning formanns, stjórnar og skoðunarmanna samkvæmt 8. gr.
6. Kosning fulltrúa í fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna.
7. Kosning fulltrúa í kjördæmisráð Suðvesturkjördæmis.
8. Önnur mál.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á aðalfundi, nema annars sé getið.

Framboð til stjórnar, sem og aðrar tillögur fyrir fund, skulu hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfund.

Að afloknum aðalfundi, skal stjórnin senda stjórn fulltrúaráðs og stjórn kjördæmisráðs skýrslu um starfsemi félagsins á árinu ásamt skrá yfir fullgilda félagsmenn miðað við þann aðalfund.

10. gr.

Aðrir fundir skulu haldnir svo sem þurfa þykir og skal stjórn félagsins að jafnaði kappkosta að rækja öðru leyti hvers konar starfsemi, sem er líkleg til að efla félagið og styrkja málsstað þess.

Almennan félagsfund skal halda ef minnst 20 félagskonur krefjast þess skriflega til stjórnar og greina frá tilefni fundarins. Stjórn skal þá boða til fundar án tafar og skal fundur haldinn innan tveggja vikna frá því að krafan kemur fram. Um almenna félagsfund og boðun þeirra gilda sömu reglur og um aðalfund eftir því sem við á.

11. gr.

Stjórnarfundur skal halda svo oft sem þurfa þykir. Formaður boðar til þeirra og stýrir þeim nema annað sé ákveðið.

Stjórnarfundur skal að jafnaði boða með tveggja sólarhringa fyrirvara. Stjórnarfundur er löglegur er meirihluta stjórnarmanna situr fund.

Óski fjórir stjórnarmenn eða fleiri eftir stjórnarfundur ber að halda hann innan viku frá því að formanni berst slík ósk.

IV. kafli Árgjald o.fl.

12. gr.

Árgjald félagsins skal ákveðið á aðalfundi hvert ár vegna komandi árs.

13. gr.

Reikningstímabil félagsins skal vera almanaksárið.

V. kafli. Lagabreytingar, gildistaka, o.fl.

14. gr.

Lög þessi eru samin með hliðsjón af skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins og gilda ákvæði þeirra um Sjálfstæðiskvinnafélag Eddu eftir því sem við á.

15. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf 2/3 atkvæði allra fundarkvenna til að breytingar nái fram að ganga, enda hafi lagabreytinga verið getið í fundarboði.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt á auka aðalfundi 19. september 2022